

Reynsla fólks sem hættir í háskólanámi af náminu

Rannsakandi: Daníel Freyr Jónsson

Viðmælandi: Arnar (gervinafn), 36 ára karl.

Viðtalið tekið mánudaginn 2. mars 2020 kl. 20:30 á heimili rannsakanda að beiðni viðmælanda. Engir aðrir viðstaddir, setið inni í stofu með nýlagað kaffi við höndina.

Annað samtal

Daníel: Héna, þá bara byrja ég að spyrja. Af hverju ákvaðstu að fara í háskólanám á sínum tíma?

Arnar: Af því að ... [þögn]. Á ég ekki að tala voða hægt til að teygja þetta?
[Flissar] nei, ég er nú bara að ...

D: [Flissar]

A: Nei, það var bara af því að mér fannst ... mér langaði til þess á sínum tíma og svona taldi að þetta væri ... hérna ... eða fannst þetta væri svona rökrétt framhald. Ég hafði alveg áhuga á ... námi og svoleiðis en ... en hvort að ... hvort að það var eitthvað sem ég var tilbúinn í veit ég ekki. Ég bara ákvað að þetta væri svona, þú veist, eðlilegt næsta skref í ... í, bara, lífinu eiginlega.

D: Og þú ferð bara beint eftir framhaldsskólann?

A: Já, reyndar náttúrulega tók ég nú alveg ... var mjög lengi að finna mig í framhaldsskóla. Þannig að ég byrjaði sko í [námsbraut] og nennti því svo ekki neitt og tók mér pásu og fór að vinna og kom svo aftur og kláraði ... og fór á ... útskrifaðist af [námsbraut] sem átti miklu betur við mig, þannig. ... Þetta tók svona aðeins lengri tíma en það hefði átt að gera venjulega. Þannig að ég fór kannski ekki ... eins og sagt er, þessa hefðbundnu leið ... En ég fór sem sagt beint eftir að ég útskrifaðist, þá fór ég beint í háskólann sem sagt.

D: Og af hverju valdirðu þetta nám sem þú fórst í?

A: Ég valdi sagnfræði, sem sagt, og fannst það bara mjög áhugavert. Bar... ég er mjög áhugasamur um sögu [þögn]. Hún svona, já ... það svona heillaði mig mest þegar ég fór af stað í þetta. ... Ég meina, sko, miðað við margt annað sem hefði,

þannig, alveg eins komið til greina, þá var sagan svona það sem mest ... einhvern veginn.

D: Og það tengist því ekki að einhverjir aðrir, einhverjir vinir, eða einhverjir sem að höfðu áhrif á þessa ákvörðun?

A: Nei, alls ekki sko. Þetta var bara sem mig langaði að gera.

D: Hvaða hugmyndir hafðirðu? Hvað ætlaðirðu þér með þetta nám?

A: Ég var svo sem ekki búinn að hugsa það svo langt. ... Mig langaði bara að, já, ég hafði alltaf verið mjög góður í sögu og ... og langaði bara að læra eitthvað. Já, eins ég segi, þetta rúllaði bara einhvern veginn, að fara í háskóla. Aðallega bara af því bara, ... eins og þetta væri eitthvað sem maður þyrfti að gera. Svo mér fannst þá sniðugt að velja eitthvað sem ég hefði, að ég hélt, að ég hefði áhuga á. Það var svo kannski ekki alveg það sem lá endilega best fyrir manni ... þannig.

D: Hvaða, svona hugmyndir, gerðir þú þér fyrirfram um háskólann?

A: Ég bara veit það ekki alveg [stynur]. Hvaða hugmyndir ég gerði? ... Ég svo sem ... man það ekki núna, [flissar]. Ætli ég hafi yfir höfuð haft nokkrar sérstakar hugmyndir, þannig, svo sem.

D: Var þetta mjög frábrugðið að vera í framhaldsskóla?

A: Já, þetta var náttúrulega umtalsvert frábrugðið. Náttúrulega allt öðru vísi en samt ekkert sko endilega ... neitt öðruvísi en ég átti von á þannig. ... En eins og ég segi allt öðruvísi náttúrulega nám, eða sko svoleiðis.

D: Hvað var það þá sem var öðruvísi?

A: Bara að ... bara aðalega þessi, þessir fyrirlestrar, hvernig námið er sett upp og þannig hlutir, þú veist. Þetta var allt mjög svipað, mikið eins. Nema kannski þessi aðferðarfræði og svoleiðis. Það var náttúrulega meira eins og framhaldsskólaáfangi, bara, þú áttir að læra hvernig þetta var. Þú varst með bók að lesa og svo var kennarinn bara, að kenna. ... Annars var þetta bara kennt í fyrirlestrum þar sem maður bara sat og hlustaði bara og ... og svona tók svona ekki beint beinan þátt í ... maður var ekkert svona að ... þú veist, jú, jú, maður var náttúrulega að læra með því að hlusta, en maður var ekkert að gera verkefni eða neitt í tímum, eins og í

framhaldsskóla, en eins og ég segi ... þetta var svona helsti munurinn. Svo bara átti maður að lesa og svo bara, já ...

D: Já, og þú flytur ... þú ferð að heiman...

A: Já.

D: ...í, er það í fyrsta sinn sem þú flytur að heiman?

A: Já. **[5 mínútur]**.